

Samantekt

Úttektin var framkvæmd 30. júní 2021.

Úttekt og skýrslu gerði: Gísli Þór Gíslason, Aðgengisfulltrúi hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðbæjar og Hlíða

-Stutt samantekt helstu atriða-

Niðurstöður

Skeljagrandi 8 – nr. 242

Engin leiðarmerking/vegvisir sem vísar á leiksvæðið.

Það eru bílastæði út í götu en engin sérmerkt sérstaklega fyrir fatlaða. Það er steipt gangstétt frá bílastæðum sem tengist malbikuðum göngustíg. Gangstéttin hallar meira á aðra hliðina sem gæti þurft að athuga hana nánar en að öðru leyti sinnir hún hlutverki sínu. Það eru tveir inngangar að leiksvæðinu en einn þeirra er malarstígur sem er með lausa möl og brattur. Hinn inngangurinn er hellulagður með löngum aflíðandi halla.

Þetta er rúmgott hellulagt svæði með

- sandkassa
- kofum
- tveimur rólum
- ljósastaur/öryggismyndavél
- kastala
- hvíldarbekkjum og borð/bekkur.

Rólurnar eru með lausri möl undir sem mætti setja gúmmíhellur og e.t.v. gulan tartar dúk undir kastalann.

Engin leiktæki sérstaklega ætluð fötluðum eða yngri börnum (s.s. lokuð ungbarnaróla).

Kofarnir eru ekki tengdir með hellulögn heldur þarf að fara yfir á grasi. Hvíldarbekkirnir eru sömuleiðis ekki tengdir með hellulögn eða aflíðandi halla, auk þess að bekkirnir eru þétt raðað saman þannig að það er ekki gert ráð fyrir hjólastól við hliðina.

Þá mætti einnig lita neðri hluta ljósastausins á miðju vallarins gulan í c.a. 60-90 cm hæð fyrir sjónskerta.



Frotaskjól 87 – nr. 216

Engin leiðarmerking/vegvisir sem vísar á leiksvæðið.



Það eru engin bílastæði við leiksvæðið en þau virðast vera bak við íbúðarhúsin, sérstaklega ætluð íbúum eða vegfarendum um göngustíginn sem liggur í gegnum hverfið.

Göngustígurinn sem liggur í gegn er í kringum 2 metra breiður og uppfyllir lágmarkskröfur um breidd. Þar geta gangandi vegfarendur og hjólastólar geta mæst og hjólastólar geta snúið við með jöfnum aflíðandi halla.

Leiksvæðið er með gulu tartan gerviefni sem er góð leiðarlína eða afmörkun leiksvæðis fyrir sjónskerta. Það eru engin leiktæki fyrir breiðan hóp barna en leiksvæðið stendur af:

- Rólur
- Vegasalt
- Kastali
- Hjólagrind
- Ruslafata
- Borð/bekkur

Aðkoman er góð og lýsingin á svæðinu er frá ljósastaurum við innganga á svæðinu. Ein leiðin að svæðinu er malarstígur sem væri hægt að athuga að malbika eða helluleggja.



Granaskjól 20 – nr.237

Engin leiðarmerking/vegvisir sem vísar á leiksvæðið.

Það eru engin bílastæði nálægt leiksvæðinu nema leitað sé í bílastæði hjá KR heimilinu í Frostaskjól sem er þar rétt hjá. Þar er einnig sveifluhlíð sem hefur verið lokað á tímum, sem getur gert fólki sem glímir við fötlun erfitt að skynja og/eða komast framhjá til að komast inn á leiksvæðið. Þetta er opið og vítt leiksvæði sem deilir útivistarsvæði með hvíldarbekkjum og fuglahúsum. Þessi leiktæki eru fyrir breiðan hóp af börnum, hins vegar ekki sérstaklega fyrir fötluð börn en leiksvæðið stendur af:

- Rólum (þ.a. ein körfuróla fyrir smábörn) með grasmottum undir sem mætti setja gúmmíhellur
- Vegasalti með grasmottum undir sem mætti setja gúmmíhellur
- Hvíldarbekkir með 50 cm bili á milli fyrir hjólastóla og barnakerrur
- Lágt samsett leiktæki fyrir smábörn



Hellulögnin sem tengist við hvíldarsvæðið er með c.a. 10 cm bili sem hentar illa fyrir fólk í hjólastólum. Það mætti athuga hellulögnina betur.

Samsetta leiktækið fyrir smábörn er með mjúku öryggisundirlagi á fallsvæðinu sem er gott en litirnir hafa dofnað sem mætti athuga með að mála yfir.

Sörlaskjól 11 – nr.208

Engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið hins vegar eru skilti sem gefa til kynna að lausaganga hunda sé bönnuð og boltaleikir bannaðir eftir kl.22:00.

Leiksvæðið er bak við húsaröð eins og lítið port. Það er opið og vítt með tveimur inngöngu/útgönguleiðum.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Samsett leiktæki með rennubraut
- Rólur
- Borð/bekkur
- Hvíldarbekkur

Það er sveifluhlið við innganginn á leikvellingum sem gæti hindrað aðgengi hjólastóla, en það voru framkvæmdir í gangi sem gerði okkur ekki fyllilega kleift að ganga úr skugga um það. Leiksvæðið er með mjúkt gervigras undirlag sem er vel gert og aðgreinir leiktækin og leiktækin. Það er ágætis lýsing frá ljósastaurnum á leiksvæðinu en hins vegar mætti aðgreina ljósastaurinn frá hinu umhverfinu með málningu á ljósastaur til að varna sjónskertum. Hvíldarbekkurinn er ekki með bakstuðning né armastuðning og borð/bekkurinn gerir ekki ráð fyrir hjólastólaaðgengi. Mismunur á hellulögninni sem leiðir að leiksvæðinu er í kringum 5cm og ætti að athuga betur hvernig sé hægt að landa betur hæðina á milli gangstígs og hellulagnarinnar.



Granaskjól 34 – senda ábendingu í Borgarvefsjána að bæta honum inn.

Engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Þegar það kom að því að fara að næsta opna leiksvæði á blaði skv. borgarvefsjána þá kom í ljós nýr leikvöllur á bak við Granaskjól 34. Það er vítt og opið svæði sem tengist með breiðum malarstig yfir í leiksvæðið í Frostaskjól 85. Það er með gult yfirborðsefni sem er gott og aðgreinir leiksvæðið vel frá hellulagða stígnum. Leiksvæðið er lýst með einum ljósastaur sem er inn á gula leiksvæðinu hins vegar mætti athuga það hvort það mætti mála í gulum lit á staurinn í 60-90cm hæð. Leiktækin eru ekki fyrir breiðan hóp af börnum og virðist vera meira fyrir eldri börn. Leiktækin minna mikið á fimleikataeki og henta því ekki fötluðum.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Jafnvægisslá með gúmmíhellum undir sem er vel gert
- Upphífangarslár með gúmmíhellum undir sem er vel gert
- Handaslá með gúmmíhellum undir sem er vel gert
- Hvíldarbekkur
- Hjólagrindur
- Klifurgrindur með gúmmíhellur undir sem er vel gert



Samantekt

Úttektin var framkvæmd 7. júlí 2021.

Úttekt og skýrslu gerði: Gísli Þór Gíslason, Aðgengisfulltrúi hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðbæjar og Hlíða

-Stutt samantekt helstu atriða-


Niðurstöður

Boðagrandi 2 – nr.215

Engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Leiksvæðið er ekki sérlega vítt og er nálægt við lóðir nýrra íbúða. Það eru engin sérmerkt fötluð bílastæði nálægt leiksvæðinu en það eru bílastæði við íbúðirnar hjá svæðinu. Það gæti útheimt smá göngu að komast á leiksvæðið. Leiksvæðið samanstendur af:

- Hvíldarbekkir án bak- og handstuðnings í hellulögðum lundi með blómabeði og handlögðum kantstein. Hins vegar er pláss á milli bekkja fyrir hjólastóla eða barnavagna
- Tveir hólar með hellulögðum aflíðandi steinsteyptum hringlaga stíg upp á topp hólans. Hæð hólans er c.a. 1 metri en með löngum aflíðandi halla.
- Hjólagrindur fyrir reiðhjól
- Hlaupahringur leiktæki í skáhallu fyrir börn.

Það var eitt sjáanlegt leiktæki sem er hlaupahringur í skáhallu með rauðu mjúku undirlagi ásamt hólunum, sem virðast vera eina leikjaiðkunin á leiksvæðinu. Hins vegar er þetta fín staður til að ganga, tylla sér niður og njóta veðurbliðu í þéttri byggð. Það mætti athuga betur hallann á steinsteypta stígnum upp hólana sé innan við 5% halla. Breiddin á stígnum leyfir ekki tveimur hjólastólum að mætast því er þetta afar takmarkað leiksvæði fyrir fatlaða. Kantsteinninn hjá hvíldarbekkjum þyrfti vera í öðrum aðgreinandi lit.



Bárugrandi – skv. sérupprætti frá 1991 er lóðin í umsjá á milli húsfélaga bygginganna.

Það var engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Leiksvæðið er á milli íbúðarblokka í hverfinu og er gamall að sjá.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Samsett leiktæki með rennibraut
- Rólur
- 2 stk. Sandkassar

Leiksvæðið er notað af dagmömmum og íbúum í hverfinu. Íbúar hafa viljað gera endurbætur á honum (<https://betrireykjavik.is/post/119>). Það mætti skipta um undirlagið á öllu leiksvæðinu og koma fyrir mjúku undirefni, leiktæki fyrir smábörn og e.t.v. hringekju fyrir börn í hjólastól. Það vantar líka hvíldarbekki með bak- og armstuðning með tilskyldu plássi við hliðina á fyrir hjólastól eða barnavagn. Þá mætti endurnýja sandkassana eða skoða betur hvað skyldi koma í staðinn



Álagrandi 12 – nr. 212

Engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Leiksvæðið er vítt og opið með gott útsýni út á hafið. Það eru engin sérmerkt bílastæði fatlaðra en það eru hins vegar bílastæði íbúa í fjölbýlishúsinu þar við hliðina á. Það eru sum staðar gúmmihellur á leiksvæðinu undir slár en ekki alls staðar, þar á milli er lausamöl sem er ekki góð yfirferðar fyrir hjólastóla eða barnavagna. Leiktækin eru dökk, illgreinanleg á litin henta ekki breiðum hópi barna.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Klasa af klifurgrindum
- 2 stk. Rólur
- Klifurnet
- Kastali
- Klifristangir
- Klifurólar

Aðgengi að leikvælinum er nálægt göngustíg og bílastæðum en er ekki með mjúku undirefni eða allt saman lagt með gúmmihellum.




Aflagrandi 38 – nr. 252

Engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið.

Leiksvæðið rúmgott og opið. Það eru sérmerkt fötluð stæði við hliðina á leikvellingum en það er á vegum samfélagshússins á Aflagrandi 40. Undirefnið á leikvellingum er grasamotta sem er mjúk en grasið virkar sem aðgreinandi litur fyrir sjónskerta.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Kastali með rennibraut
- 2 stk. Vegasölt
- Gormatæki
- 2stk Hvíldarbekkir
- Klifurnet



Það er töluverð lausamöl í kringum efri part leiksvæðisins ásamt því að hvíldarbekkurinn er staðsettur mjög nálægt leiktækinu, sem hentar illa fyrir aðgengi hjólastóla og barnavagna. Það mætti skipta um undirlagið og setja mjúkt gúmmí undirlag í aðgreinandi lit yfir allt leiksvæðið með betra aðgengi fyrir hjólastóla

Hvíldarbekkurinn er staðsettur í hellulögn utan göngustígsins en það er ekki gert ráð fyrir að hjólastóll eða barnavagn geti verið við hliðina á bekknum. Hins vegar eru leiktækin í skýrum aðgreinanlegum litum gagnvart sjónskerta sem er vel gert.

Reynimelur 70 – nr. 249

Engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Þetta er fremur opið leiksvæði umkringt mikið af trjám og gróðri. Engin sérmerkt fatlað stæði er við leiksvæðið en það er hægt að leggja bíl í botnlangann. Það er hægt að nálgast leiksvæðið með 3 inngönguleiðum en það er malarstígur með fínri mól sem gæti gert aðgang fyrir hjólastóla erfiða. Því væri e.t.v. betra að malbika stíginn eða helluleggja.

Leiksvæðið er með lausamöl/perlumöl hjá leiktækjunum og mætti því setja tartan undirlag eða gúmmíhellur. Leiksvæðið stendur af:

- Kastali sem búið er að fjarlægja rennibrautina
- 2 stk rólur
- 2 stk Gormadýr
- Hringekja
- Klifurtæki
- 2 stk Hvíldarbekkir

Hvíldarbekkirnir eru staðsettir hjá mölinni og er aðgengi að þeim erfitt og ekki sérstaklega gert ráð fyrir hjólastól eða barnavagni við hliðina á hvíldabekkjunum.

Hins vegar er fínasta girðing reist við hliðina á sparkvellingnum sem varnar gegn því að boltinn fari í fólk á leiksvæðinu.



Lágholtsvegur 9 – Nr.225

Engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Það er ekkert sérmerkt bílastæði fyrir fatlaða einstaklinga og takmarkað framboð af bílastæðum fyrir þetta opna leiksvæði. Leiksvæðið er ekki stórt og opið heldur staðsett í botnlanga götunnar og það samanstendur af:

- 1 stk. Hvíldarbekkur
- 1 stk. Gormadýr



Það eru klakkar eða hnallar (sbr. lýsingu BM Vallá) fremst á leiksvæðinu sem eru ómerktir, ólitaðir og í gróðri sem hefur ekki verið snyrtur. Þar af leiðandi er töluverð hættu á að sjónskertir gætu dottið um klakkana/hnallana sem mætti mála í einkennandi lit sem aðgreinist frá gróðrinum. Göngustígurinn á svæðinu er mjór og tveir hjólastólar geta að öllum líkindum ekki mæst. Hins vegar er lækkunin á kantsteini frá bílastæðinu sem tekur tillit til aðgengis á svæðinu.


Það er ekki leiktæki fyrir breiðan hóp af börnum á þessu opna leiksvæði.

Melhagi 15 – Nr.228

Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Þetta er opið og vítt leiksvæði bak við röð af húsum í Melhaga. Það er einn inngangur í garðinn í gegnum sitthvora götuna, það mætti skoða aðganginn að frá götunni þ.e. kansteinar og þrengingar sem gætu reynst torfærar.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Aparóla
- Leiktæki í formi seglbáts
- Málaður Kofi
- Klifurtæki
- Kúluspil á standi
- 2 stk. Hvíldarbekkir
- 1 stk. borð/bekkur



Það eru grasamottur undir aparólunni, kúluspilinu og klifurtækjunum til að hafa mýkra undirlag ef viðkomandi skyldi falla úr tækinu. Hins vegar er aðgreiningin á litum grassins veik ef að vöxtur grassins veikur, sem aðgreinir ekki nægjanlega frá hellulögnina. Við hliðina á ytri hvíldarbekknum í garðinum er gert ráð fyrir barnavagni eða hjólastól við hliðina á bekknum. Hins vegar er slíkt ekki gert fyrir hinn hvíldarbekkinn. Leiktækin eru heldur ekki fyrir breiðan hóp af börnum.

Hjarðhagi 49 – nr. 231

Þetta er lítið og afmarkað leiksvæði á bak við verslunarkjarna í Harðhaga. Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Samsett leiktæki með rennibraut miðað við klifur
- 2 stk. Klifurtæki
- Handknúin hringekja
- Hvíldarbekkur í litlu hellulögðu torgi



Undirlagið á leikvöllinum er lausamöl í framhaldi af grasi sem er ekki aðgengileg hjólastólum eða barnavögnum. Leiktækin henta heldur ekki breiðum hópi barna, hins vegar er leiksvæðið mjög friðsælt og lítill hávaði frá götunni. Það er pláss við hliðina á hvíldarbekknum til þess að vera með hjólastól eða barnavagn. Það mætti athuga lýsinguna á leiksvæðinu á veturna þ.e. yfir skammdegið og snyrta e.t.v. gróðurinn þannig að yfirsýn batni.

Kvisthagi 7 – nr. 244

Engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leikvæðið. Leiksvæðið er vítt og er meðfram göngustígnum fyrir aftan íbúðarhúsin í hverfinu.


Leiksvæðið samanstendur af:

- Litaður kofi
- Vegasalt
- Samsett leiktæki með rennibraut
- 1 stk. körfuróla fyrir smábörn og 1 stk. dekkjaróla fyrir eldri
- borð/bekkur
- Hvíldarbekkur
- Hringekja fyrir fatlaða

Það kom á óvart að sjá hringekju fyrir fatlaða með aðgreinandi mjúku rauðu undirlagi. Þetta er í fyrsta skipti sem þetta skrifar tók eftir á opnu leiksvæði í Vesturbæ Reykjavíkur.

Hins vegar er undirlagið á stórum hluta af leiksvæðinu lausamöl eða perlumöl sem gerir hjólastólum eða fólki með barnavagna erfitt fyrir um að nálgast samsettu leiktækin.

Borð/bekkurinn sömuleiðis er ekki gerður með hjólastóla aðgengi í huga. Svo mætti einnig athuga með hæð kantsteinsins á leiksvæðinu.



Tómasarhagi 53 – nr. 230

Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Leiksvæðið er mjög vítt og opið bak við íbúðarhús og hefur þrjá innganga. Göngustígurinn er c.a. 1.5 metrar og geta tveir hjólastólar mætt hvor öðrum.

Leiksvæðið stendur af:

- Aparólu
- Samsett leiktæki með rennibraut
- Timburbrú yfir steypurör sem virka einnig sem göng
- 2 stk. borð/bekkir
- Leiktæki hannað sem stýrihús á bát
- Rólur

Borð/bekkirnir eru staðsettir á stöðum sem er erfitt að nálgast á hjólastól. Einn er staðsettur upp á hól á leiksvæðinu og svo er hinn er staðsettur hjá brúnni. Brúin er fremur mjó og með halla sem gæti farið yfir 10° og mætti skoða betur með mælitækjum. Undirlagið hjá leiktækjunum og rólunum er grasamotta sem mjúkt undirlag. Leiktækin eru ekki ætluð breiðum hópi barna



Dunhagi 20 – nr. 219

Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Aðgangurinn að stígunum frá Tómarshaga sem leiðir að leiksvæðinu er með ómálaða álboga og tæplega 1.5 metra á milli sem mætti skoðar nánar að göngustígunum. Hins vegar eru málaðir Búlkar (sbr. BM Vallá) við enda göngustígsins sem er vel gert til að vekja athygli á götunni. Leiksvæðið er vítt og við hliðina á fótboltavelli.

Leiksvæðið stendur af:

- Tvíslá
- Rólur
- Vegasalt
- Borð/bekkur

Það eru gúmmíhellur í undirlagi á leiksvæðinu sem er vel gert og púðar undir vegasaltinu sem kemur í veg fyrir árekstrarsvæði s.s. að fætur barna klemmist undir vegasaltinu. Hins vegar er kantsteinninn á leiksvæðinu fullhár og er í kringum 10 cm í stað 2 cm. Það er ljósastaur á leiksvæðinu sem mætti merkja/mála í auðkennandi lit í 60-90 cm hæð.

Leiktækin eru ekki fyrir breiðan hóp af börnum. Borð/bekkurinn er á hellulögðu svæði og er ekki gert ráð fyrir hjólastóla aðgengi að bekknum.



Suðurgata – nr. 235

Engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Leiksvæðið er vítt og opið ásamt einum körfuboltavelli og fótoltavelli, en boltaleikir eru bannaðir eftir kl. 22:00 á kvöldin samkvæmt skilti á svæðinu.

Leiksvæðið samanstendur af:

- 7 stk. rólum þ.á.m. 1 stk. körfurólu fyrir smábörn og 6 stk. venjulegar rólur
- Sandkassi með eftirlíkingu af stýrihúsi
- Samsett leiktæki með rennibraut
- Vegasalt
- 4 stk. Borð/bekkir
- 2 stk. hvíldarbekkir
- Leiktæki svipað og rugguskip fyrir tvo að leika sér á

Undirlagið á leiksvæðinu er með lausamöl/perlumöl og afar torfær hjólastólum eða barnavögnum. Borð/bekkirnir er ekki gert ráð fyrir hjólastóla aðgengi og eru allir bekkirnir staðsettir út á grasi með neinu undirlagi nema grasi sem er ekki gott fyrir hjólastóla aðgengi. Öll leiktækin eru í aðgreinanlegum litum og vel merkt, ættu því ekki að vera fyrir sjónskertum og leiksvæðið er ágætlega lýst með ljósa staur sem er utan göngustígs.



Skerplugata 2 – nr. 223

Engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið.

Leiksvæðið er lítið í opnu umhverfi með þrjá innganga og með körfuboltavöll við hliðina.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Vegasalti
- Venjulegar rólur
- Borð/bekkur

Þegar okkur bara að garði þá voru framkvæmdir við lóð leikskóla FS, því voru hellubretti og efni á víð og dreif um leiksvæðið. Þessi leiktæki á leiksvæðinu eru ekki fyrir breiðan hóp af börnum, heldur einungis eldri börnum. Undirlagið á leiksvæðinu er lausamöl/perlumöl og erfitt fyrir hjólastóla og barnavagn til yfirferðar. Borð/bekkurinn er málaður í skærum aðgreinandi lit frá umhverfi sínum sem er vel gert svo sjónskertir ættu að geta greint hann. Undirlagið hjá bekknum er hins vegar gras og því erfitt fyrir hjólastól að komast að honum auk þess sem ekki er gert sérstaklega ráð fyrir hjólastóla aðgengi fyrir fatlað við bekkinn. Körfurnar á körfuboltavellinum mættu vera málaðar í aðgreinanlegri lit heldur en þann græna sem er samlitur grasinu við körfuna.



Einarsnes – nr. 209

Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Leiksvæðið er lítið en hins vegar með gott útsýni yfir Reykjavíkur flugvöll. Leiksvæðið er mjög fábreytt og eingöngu hægt að spila körfubolta á því. Það eru bílastæði við leiksvæðið en mjög erfitt aðgengi fyrir hjólastól og gangandi vegfarendur. Þá er enginn stígur sem leiðir að leiksvæðinu frá bílastæðum eða gangstétt. Mögulega væri hægt að útbúa gönguleið frá gangstétt við hliðina á vellinum sem væri ekki mikill halli en þá þyrfti e.t.v. að endurskipuleggja leiksvæðið í heild sinni. Leiksvæðið er sem fyrr segir með einni körfu á hellulögðum velli. Hentar alls ekki breiðum hópi barna og með erfitt aðgengi.



Bauganes 25 – nr. 218

Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Leiksvæðið er ekki með sérmerkt bílastæði fyrir fatlaða. Leiksvæðið er mjótt en ílangt með þónokkur leiktæki. Það eru tvær malbikaðar inngöngu/útgönguleiðir á leiksvæðið sem liggur í gegnum það.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Gormadýr
- Lítið hús
- Þreföld slá
- Jafnvægisslá
- Jafnvægisplatti
- Rólur
- Lítil hringekja
- Hvíldarbekkur

Aðgengi innan leiksvæðisins væri hægt að laga. Kantsteinninn sem aðskilur leiksvæðin frá gönguleiðinni er yfir 2cm hæð og þykir fullhár yfirferðar á hjólastól. Svo er undirlag leiksvæðanna með lausamöl/perlumöl sem er erfið yfirferðar á hjólastól eða barnavagn. Það væri heppilegra að setja mjúkt undirlag til að minnka fallhættuna og sömuleiðis til þess að aðgreina leiksvæðið frá göngustígnum fyrir sjónskerta gangandi vegfarendur. Hvíldarbekkurinn er staðsettur beint við hliðina á ruslatunnu og gerir ekki ráð fyrir plássi fyrir hjólastól eða barnavagn. Ljósastaurinn er til hliðar við leiksvæðið og göngustíginn, sem minnkar líkurnar á hættu fyrir gangandi vegfarendur og er það vel gert. Leiktækin eru ekki gerð fyrir breiðan hóp af fólki með fötlun eða smábörn.




Baugatangi 5A – nr. 220

Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Það eru bílastæði út í götu en ekki neitt sem er sérmerkt fötluðum. Aðgengið að leiksvæðinu er ekki auðvelt með hjólastól, það eru tröppur sem eru fullháar og brattar sem mætti athuga. Sömuleiðis væri hægt að færa innganginn neðar í beinu framhaldi af götunni og losna við hallann. Það er einungis ein inngöngu/útgönguleið á leiksvæðið.

Leiksvæðið samanstendur af:

- 1stk. körfuróla
- 1 stk. venjuleg róla
- 3 stk. gormatæki
- Samsett leiktæki með rennibraut
- 2stk hvíldarbekkir
- Borð/bekkur

Það eru fleiri Borð/bekkir á fótboltavelli við hliðina á opna leiksvæðinu en við munum einbeita okkur frekar að opnum leiksvæðum í þessari úttekt. Það eru gúmmihellur undir rólunum og gormtækinu sem er vel gert. Hins vegar er ekki eins undirlag hjá samsetta leiktækinu en þar er lausamöl/perlumöl sem er erfið yfirferðar á hjólastól sem þarf að athuga betur. Bekkirnir eru ekki með borðpláss fyrir hjólastóla og mætti athuga svoleiðis bekkir betur. Aðgengi að hvíldarbekkjunum er takmarkað út af grasi, það mætti helluleggja að bekkjunum og gera ráð fyrir pláss við hliðina á bekkjunum fyrir hjólastóla. Grasið er hins vegar góð náttúrulega leiðarlína fyrir sjónskerta en það er ljósastór utarlega á leiksvæðinu sem mætti mála í aðgreinandi lit frá umhverfinu.



Skildinganes 12 – nr. 217

Það eru engin leiðarmerki eða vegvísar sem vísa á leiksvæðið. Það eru engin bílastæði fyrir fatlaða í kringum leiksvæðið.

Leiksvæðið er bak við húsabyrpinguna í Skildinganesi og Einarsnesi sem hefur 2 innganga/útganga. Aðgengið er ágætt frá götunni en hins vegar er inngangurinn að leiksvæðinu ekki gott fyrir hjólastóla. eða sjónskerta.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Rólum
- Húsi
- Vegasalti

Ljósastaurinn er ekki fyrir vegi gangandi vegfarenda og er það vel gert. Einnig eru leiktækin í mismunandi, aðgreinandi litum sem er vel gert. Undirlagið á leikvellingum lausamöl/perlumöl. Það hefðir mátt helluleggja gúmmíhellur á leiksvæðið til að dempa mögulega fallhættu af húsinu eða rólunum. Leiktækin eru ekki fyrir breiðan hóp af fólki heldur nær eingöngu af börnum en ekki smábörnum eða fötluðum.



Samantekt

Úttektin var framkvæmd 16. júlí 2021.

Úttekt og skýrslu gerði: Gísli Þór Gíslason, Aðgengisfulltrúi hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðbæjar og Hlíða

-Stutt samantekt helstu atriða-

Niðurstöður

Sólvallargata 78 – nr.221

Enginn leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Þetta er lítið leiksvæði við hliðina á fjölbýlishúsi og bílastæðum þess.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Húsi á stultum
- Hringekju
- Gormatæki
- Klifurtæki á stultum
- Hvíldarbekkur

Það er lausamöl/perlumöl í undirlaginu á leiksvæðinu sem hentar illa hjólastólum, það væri hentugra að hafa mjúkt öryggisundirlag úr gúmmí á t.d. fallsvæði sem gæti minnkað meiðsli við fall úr leiktækjunum. Hvíldarbekkurinn er með bakstuðning og stuðning fyrir hendur sem er vel gert. Það mætti skoða það að lækka brúnina ofan í leiksvæðið og koma fyrir litlum sandkassa í hornið hjá beðinu. Göngustígurinn meðfram leikvellinginum er frekar mjór og ólíklegt að hjólastólar geta mæst þar. Sömuleiðis mætti snyrta gróðurinn í beðinu hjá leiksvæðinu. Leiktækin eru ekki ætluð fyrir breiðan hóp af börnum.



Vesturgata 46 – nr. 229

Engin leiðarmerki eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Þegar okkur bara að garði þá voru framkvæmdir í gangi á Vesturgötunni þar sem verið var að endurnýja lagnir í götunni og leiksvæðið í sundurgrafið. Þar voru engin leiktæki í umferð og það verður forvitnilegt að sjá í fráganginum hvort „aðgengi fyrir alla“ hönnunarstaðallinn verði á hönnunarstigi verkefnisins. Þess má geta að vinnusvæðið var girt af og uppfyllti lágmarkskröfur um öryggi vegfarenda.



Bræðraborgastígur 29 – nr. 222

Það var engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísaði á leiksvæðið. Það eru engin bílastæði fyrir fatlaða í kringum leiksvæðið. Hins vegar var það girt af með ál grindverki og hliði. Hliðið reyndist vera létt og ekki ýkja erfitt að opna það þrátt fyrir að það gæti verið erfiðara í hjólastól.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Rólur 1 stk. venjuleg og 1stk. körfuróla fyrir smábörn
- Samsett leiktæki með rennibraut
- 2 stk. Hvíldarbekkir
- 1 stk. Borð/bekkur

Það eru tveir inngangar/útgangar á leiksvæðið og eru báðir opnanlegir með léttu hliði. Það mætti athuga hallann nánar í garðinn og ganga úr skugga um að hann sé ekki yfir 5-10°. Borð/bekkurinn gerir ekki ráð fyrir auka borðplássi fyrir fólk í hjólastólum. Hvíldarbekkirnir eru með bakstuðning og stuðning fyrir hendur. Annar þeirra er með nóg pláss við hliðina til þess að getað verið með hjólastól eða barnavagn. Það vantar upp á aðgengi að Borð/bekknunum þar sem það er gras en ekki neitt annað undirlag sem auðveldar aðgengi fyrir hjólastóla. Leiktækin eru í skærum aðgreinandi litum sem er vel gert. Það mætti snyrta gróðurinn betur á leiksvæðinu svo það sjáist betur í það. Leiktækin eru fyrir smábörn og eldri börn en hins vegar ekki fyrir fatlaða einstaklinga.



Hofsvallagata 20 – nr.233

Engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Það eru engin bílastæði fyrir fatlaða í kringum leiksvæðið. Leiksvæðið er í porti á bak við gömlu verkamannabústaðina sem er langt en vítt. Leiksvæðið í heild er þrískipt þ.e. leikvöllur, hvíldarbekkir í miðjunni og svo gróðurbeð á endanum sem íbúar geta ræktað blóm. En það verður einblínt á leiksvæði að þessu sinni.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Samsettu leiktæki með rennibraut
- Körfurólur
- Hús
- Gormtæki
- 2 Stk. hvíldarbekkir
- Borð/bekkur

Undirlagið á leikvöllinum er lausamöl/perlumöl sem er erfitt yfirferðar á hjólastól. Það væri nær að hafa undirlagið úr mjúku gúmmíefni eða gúmmíhellum sem hefur dempar fall barna úr leiktækjunum. Leiktækin eru skærum aðgreinandi litum sem gerir sjónskertum kleift að skynja leiktækin, sem er vel gert. Undirlagið hjá rólunum er grasamotta sem er mjúk og rólurnar eru körfurólur með slá á milli en leiktækin eru fyrir smábörn og eldri börn. Hins vegar virðast leiktækin ekki vera fyrir fatlaða einstaklinga. Hvíldarbekkirnir eru með bakstuðning og stuðning fyrir hendurnar og sitthvor endinn á bekkjunum er með pláss fyrir barnavagn eða hjólastól. Hins vegar hefði mátt vera pláss á milli þeirra en lega þeirra gæti hafa haft áhrif á það upp á að nýta plássið. Það væri eitthvað sem mætti athuga nánar. Aðgengi að Borð/bekknunum er út á grasi sem gæti verið erfitt á hjólastól og mætti skoða hvort það ætti að helluleggja undir. Sömuleiðis er ekki auka borðpláss sem gefur til kynna að það sé ekki gert ráð fyrir hjólastólum við Borð/bekkinn. Það mætti athuga með lýsingu á leiksvæðinu en enginn ljósastaur var sjáanlegur á svæðinu en það gæti verið önnur lýsing út frá íbúðarhúsunum. Grasið á leiksvæðinu var snyrt og leit vel út.



Ásvallagata 23 – nr. 233

Það var engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísaði á leiksvæðið. Mjög fátt um bílastæði við leiksvæðið og engin sérmerkt bílastæði fyrir fatlaða nálægt leiksvæðinu. Þetta er gamall leikvöllur í eigu borgarinnar sem er með steipt gæsluskýli. Leiksvæðið er girt af með þremur inngöngu/útgönguleiðum, hliðin eru meðalþung að færa en læsingarnar geta verið torveldar ef viðkomandi er í hjólastól. Leiksvæðið er vítt og opið.

Leiksvæðið samanstendur af:

- 3 stk. Hvíldarbekkir
- 2 stk. Borð/bekkir
- Samsett leiktæki með rennibraut
- Göng úr steypuröri með gúmmímottu yfir
- Rólur 1 stk. dekkjaróla, 1 stk. venjuleg róla
- Hús sem er ætlað fyrir hlutverkaleiki
- Hengirúm

Borð/bekkirnir eru ekki með aukaborðplássi sem gerir ekki ráð fyrir fólki í hjólastólum muni sitja við það. Sömuleiðis eru þeir á grasi sem er torfært fyrir hjólastóla. Undirlagið hjá rólunum er lausamöl/perlumöl sem væri hægt að skipta yfir í gúmmíhellur. Sömuleiðis er undirlagið hjá samsetta leiktækinu lausamöl/perlumöl sem væri hægt að helluleggja með gúmmíhellum. Samsetta leiktækið er málað í björtum aðgreinandi litum sem er vel gert. Sömuleiðis er gæsluskýlið málað í björtum gulum lit sem er vel gert. Hjá hvíldarbekkjunum tveimur er pláss sitthvoru megin við þá til þess að leggja hjólastól/barnavagn við hliðina á þeim.



Hávallagata 21 – nr. 241

Það var engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísaði á leiksvæðið. Það eru engin bílastæði fyrir fatlaða í kringum leiksvæðið. Þetta er lítið leiksvæði sem er hluti af stóru túni rétt hjá Landakotskirkju. Það eru þrjár inngöngu/útgönguleiðir inn á leiksvæðið og bílastæði rétt hjá en ekki sérmerkt fatlað bílastæði. Það mætti athuga hallann á gönguleiðinni inn en hún er löng og aflíðandi en þyrfti að athuga betur að það uppfylli lágmarkskröfu um 5° halla.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Klifurboga
- 1 stk. körfuróla og 1 stk. venjuleg róla
- Lítið samsett leiktæki með rennibraut fyrir smábörn
- Vegasalt
- 2 stk. Borð/bekkir

Leiktækin eru fyrir smábörn og eldri börn hins vegar ekki fyrir börn sem glíma við fötlun. Það eru mjúkar grasamottur í undirlagi hjá rólunum og vegasaltinu en hins vegar er eingöngu gras hjá klifurboganum. Þar mætti skoða að setja grasamottu eða mjúkt gúmmíundirlag. Það er ljósastaur á svæðinu sem gefur svæðinu ágætis lýsingu og er utan göngustígs sem er vel gert. Það er hellulögn undir Borð/bekkjunum og aðgengi að þeim er gott, hins vegar er ekki gert ráð fyrir auka borðplássi fyrir einstaklinga í hjólastól.




Öldugata 21 – nr. 232

Það var engin leiðarmerking eða vegvísir að leiksvæðinu. Þetta er lítið, nett og afmarkað leiksvæði fyrir neðan Landakotsspítalann.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Samsett leiktæki fyrir klifur
- Hreiðuróla
- Borð/bekkur

Leiksvæðið er með mjúku gúmmí undirlagi í aðgreinandi gulum lit sem er vel gert. Leiktækin eru gerð fyrir eldri börn en ekki smábörn eða börn sem glíma við fötlun. Það eru tvær inngöngu/útgönguleiðir af leiksvæðinu. Það girt af með grænu ál grindverki og með léttu hliði sem hægt er að halda opnu. Borð/bekkurinn er málaður í aðgreinandi bláum lit á mótí gula undirlaginu sem kemur sér fyrir sjónskerta. Hins vegar er bekkurinn ekki með auknu borðplássi sem myndi gera fötluðum auðveldara að vera við bekkinn. Körfurólan er með gúmmíhellur fyrir neðan og sérstaklega merkt með varúðarskilti fyrir smábörn sem er vel gert. Leiksvæðið er vel snyrt og lítur vel út en er ekki hentugt fyrir fatlaða þar sem að aðgengið er fremur mjótt, tveir hjólastólar eiga erfitt að mætast og engin leiktæki sem henta fötluðum einstaklingum.



Samantekt

Úttektin var framkvæmd 26. júlí 2021.

Úttekt og skýrslu gerði: Gísli Þór Gíslason, Aðgengisfulltrúi hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðbæjar og Hlíða

-Stutt samantekt helstu atriða-

Niðurstöður


Grjótagata 10 – nr. 206

Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Það eru engin bílastæði fyrir fatlaða í kringum leiksvæðið. Það eru tvær inngönguleiðir/útgönguleiðir í gegnum leiksvæðið. Leiksvæðið er smátt en opið á milli íbúðarhúsa í grjótaþorpinu.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Rólur
- Minningaskjöldur Sigvald Kaldalóns
- Upplýsingaskilti um Grjótaþorpið

Annar inngangurinn er afar mjór, tæpur 1 metri að breidd sem gæti verið af sökum grjóthleðslu eða óhentugum lóðarmörkum. Leiktækin henta ekki breiðum hópi barna heldur bara eldri börnum. Það er grasamotta undir rólunum til þess að dempa höggið sem fæturnir fá á jörðinni og er vel gert. Það er ljóisastaur við hliðina á göngustígnum en ekki miðri gönguleið sem er vel gert. Hins vegar vantar fleiri leiktæki sem hentar breiðari hóp barna og mætti skoða betur mjórri innganginn hvað væri hægt að betrumbæta hann. Sömuleiðis mætti setja Borð/bekk með auknu borðplássi og hellulagt undir með aðgengi hjólastóla í huga.



Arnarhóll – nr. 250

Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Það eru engin bílastæði fyrir fatlaða í kringum leiksvæðið. Það eru þrjár inngönguleiðir/útgönguleiðir af leiksvæðinu. Leiksvæðið er opið og vítt. Samskvæmt skilti á leiktækjunum er lausaganga hunda óheimil á leiksvæðinu.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Samsett leiktæki með rennibraut og klifurnet
- Gormtæki
- Rólur
- Steinar/klappir
- 2 Stk. Hvíldarbekkir

Undirlagið á leikvellingnum er lausamöl/perlumöl og kanturinn á milli gangstígsins og inngönguleiðum/útgönguleiðum leiksvæðisins er of hár eða í kringum 10cm.

Sömuleiðis mætti setja annað undirlag á leikvellingnum s.s. mjúkt gult gúmmíefni/gúmmíhellur eða gervigras með mjúku undirlagi. Það mætti einnig hugsa sem aðgreinandi litur sem kæmi vel fyrir sjónskerta. Einnig væri ákjósanlegt að skipta klöppunum eða steinunum sem eru á leiksvæðinu, út fyrir steina/klappir gerðar úr gúmmí frá Krumma. Sömuleiðis væri hægt að setja leiktæki sem hentaði fyrir smábörn og fatlaða. Þá þarf að gera ráð fyrir að hjólastólar eða barnavagnar komist við hliðina á hvíldarbekkjunum. Það er bannað að vera með hunda á leiksvæðinu. Annar hvíldarbekkurinn hjá rólunum mætti vera staðsettur á heppilegri stað en þar sem hann er, lítið pláss fyrir hjólastól eða barnavagn og rólur að sveiflast sem gætu rekist í fólk.



Lindargata/Klapparstígur – nr. 251

Það var engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísaði á leiksvæðið. Leiksvæðið er staðsett inn á svæði sem myndar hring í húsapyrpingunni. Leiksvæðið er smátt í gróðurkjarri en útsýnið úr efri hæðum húsanna er gott.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Samsett leiktæki með rennibraut
- Gormatæki
- Rólur
- Rennibraut
- 2 Stk. Hvíldarbekkir

Leiktækin eru í björtum litum sem er vel gert og auðveldar sjónskertum að gera sér grein fyrir leiksvæðinu. Það eru grasamottur í undirlaginu hjá leiktækjunum sem dempa fallsvæði en það væri mætti skoða betur að setja undirlag s.s. gúmmíefni á leikvellinum. Það eru svæði á leikvellinum sem er torfær hjólastólum eins og þrepin upp að rennibrautinni og leiktækin eru ekki ætluð breiðum hópi barna heldur eldri börnum. Göngustígurinn á leiksvæðinu er í kringum 1 metri að breidd sem er tæpt að hjólastólar geti mæst. Annar hvíldabekkurinn mættu vera nær göngustígnum eða hellulagt í kringum þá með plássi við hliðina hvíldarbekkina. Það vantar pláss við hliðina á hvíldarbekkina fyrir hjólastól eða barnavagn. Það mætti einnig snyrta gróðurinn eða tréin svo að útsýni sé betra á leiksvæðið.



Óðinstorg – nr. 211

Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Það eru engin bílastæði fyrir fatlaða í kringum leiksvæðið. Leiksvæðið er á litlum parti af Óðinstorgi inni í horni með þrepum á móti með húsvegg sitthvorum megin.

Leiksvæðið samanstendur af:

- 3 Stk. Hvíldarbekkir
- 2 Stk. Gúmmisteinar

Hvíldarbekkirnir eru án bakstuðnings sem þyrfti að athuga og er einn bekkurinn upp við húsvegg sem fólk myndi leggja bakið upp við, þetta mætti athuga betur.

Gúmmisteinar/klappir eru góð viðbót og vísa í klappirnar sem eru á skólavörðuholtinu. Þetta leiksvæði gæti verið takmarkað í leik fyrir börn og e.t.v. bundið við litlar leiksýningar eða afslöppun. Aðgengi fyrir hjólastóla er ágætt en það mætti athuga hallann í rampi betur hvort hann uppfylli 5°halla takmörkun. Það vantar gula málun á þrepin sem eru á sjálfu Óðinstorgi fyrir sjónskerta en setukassarnir er margir hverjir litaðir í gulum aðgreinandi lit sem vel gert. Það mætti einnig skoða hefðbundnu föstu bekkina um að mála þá í aðgreinandi lit svo sjónskertir geti gert sér grein fyrir aðstæðum á Óðinstorginu.



Bjarnarstígur – nr. 207

Það var engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísaði á leiksvæðið. Það eru engin bílastæði fyrir fatlaða í kringum leiksvæðið. Þetta er leiksvæði á bak við húsaþyrpingu við Njálsgötu og Bjarnarstígs, sem er girt af með trégirðingu.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Rólur
- Hús
- Samsett leiktæki með rennibraut fyrir smábörn
- 2 Stk. Drumbabekkir
- 1 Stk. Hvíldarbekkur

Það eru þrír ljósastaurar sem lýsa upp leiksvæðið og eru ekki fyrir gangandi vegfarendum sem er vel gert. Leiktækin eru fyrir börn af breiðum aldurshópi en ekki fötluðum börnum. Það eru grasamottur sem undirlag ásamt grasi sem dempa fallsvæðið. Það hefði mátt gera ráð fyrir stíg fyrir fólk í hjólastólum þ.e. auðvelda aðgengi. Það eru tveir drumbabekkir en þeir eru ekki með bakstuðning hins vegar er hvíldarbekkur sem er með bak-og armastuðning. Það hefði mátt gera betur ráð fyrir hjólastól eða barnavagni við hliðina á hvíldarbekknum. Ef að fleiri hvíldarbekkir eiga að koma þá þarf að leggja stíg að þeim og í kringum þá með tilskyldu plássi sitthvoru megin fyrir hjólastól.

Það var tekið fram í tillögu gerða af íbúum (<https://betrireykjavik.is/post/17759>), að það þyrfti að setja upp hlið til að loka fyrir þannig að börn hlaupi ekki í polla á innkeyrslunum þegar bílarnir eru að keyra inn götuna. Sömuleiðis vildu íbúar bæta við leiktæki, það mætti skoða betur með tilliti til fatlaðra einstaklinga. Á Bræðraborgarstíg 29 er leikvöllur með álgirðingu og hlið sem er létt. Sömuleiðis væri hægt að malbika upp í innkeyrsluna og koma í veg fyrir að pollar myndast. Þetta mætti skoða betur.



Þórsgata – nr. 204

Það var engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísaði á leiksvæðið. Það eru engin bílastæði fyrir fatlaða í kringum leiksvæðið. Leiksvæðið er á lóð á milli húsa í Þórsgötunni. Leiksvæðið er smátt en opið svæði.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Rólum
- Húsi
- Hvíldarbekk

Undirlagið er gras og svo lausamöl/perlumöl. Það mætti athuga að skipta um undirlag á leiksvæðinu og bæta við plássi við hliðina á bekknum fyrir hjólastól/barnavagn. Það mætti einnig athuga hallann á leiksvæðinu og e.t.v. skoða hvort það þyrfti að bæta við jarðveg í hann. Tækin eru vel lituð í aðgreinanlegum lit sem ætti að hjálpa sjónskertum að gera betur greinamun á milli tækja og gönguleiðar. Svæðið mætti hugsanlega fara í hressilega gróðursnyrtingu þar sem gróðurinn er óhirtur í kringum leiksvæðið.



Fryjugata 19 – nr. 243

Engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísaði á leiksvæðið. Það eru engin bílastæði fyrir fatlaða í kringum leiksvæðið. Leiksvæðið er á stórri lóð með 42,8m² gæsluskýli og 15m² útigeymslur, svæðið er girt af með trégirðingu steinsteyptum tveimur turnum með eldra ál hliði og er með suð-austur hliðinni nýlegt ál hlið en þeim megin er lítið útivistasvæði.

Leiksvæðið samanstendur af:

- 2 Stk. Körfurólur fyrir smábörn
- 2 Stk. Rólur
- 2 Stk. Gormdýr
- 2 Stk. Hús
- Samsett leiktæki með rennibraut
- Hringekja
- 2 Stk. Borð/bekkur
- Hvíldarbekkur

Það er motta á fínum sandi sem gefur sterkara yfirborð ásamt Borð/bekkjum en þeir taka ekki tillit til fólks í hjólastól. Þeir eru einnig staðsettir út á grasi sem er torfært fyrir hjólastóla. Ljósastaurinn er ekki á stígnum en þyrfti að vera í aðgreinandi lit s.s. gulum upp í 90cm hæð. Undirlagið á leiksvæðinu er lausamöl/perlumöl og hentar ekki fyrir hjólastóla. Það mætti helluleggja með gúmmihellur eða setja mjúkt gúmmíundirlag í aðgreinandi lit. Rétt hjá samsetta leiktækinu er ljósastaur sem er á miðju leiksvæðinu og mætti mála í aðgreinandi lit upp í 90cm hæð fyrir sjónskerta. Það voru leikföng víða á lóðinni en það getur verið að leikföngin séu tekin inn eftir að dagmömmurnar klára vinnudaginn sinn. Leiktækin eru fyrir breiðan hóp af börnum nema fólki sem glímir við fötlun. Það mætti skoða hvort það sé hægt að útbúa nýtt leiktæki fyrir fatlaða.



Nönnugata 5 – nr. 226

Engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar í leiksvæðið. Það eru engin bílastæði fyrir fatlaða í kringum leiksvæðið. Þetta er lítið leiksvæði sem er á milli Nönnugötu og Haðarstígs.

Leiksvæðið er lítið en í skjóli fyrir umferð.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Hús
- Gormdýr
- 2 Stk. Hvíldarbekkir
- Borð/bekkur

Það er lítill halli inn á leiksvæðið. Það mætti laga kantsteininn við grasið sem er hærri á horninu og það mætti koma fyrir grasamottu undir leiksvæðið. Borð/bekkurinn er ekki með aukaborðpláss fyrir fólk í hjólastól sem mætti skoða. Efri hvíldarbekkurinn er með gott pláss við hliðina fyrir hjólastól og með hellulögn í kring. Neðri hvíldarbekkurinn er með minna í kringum sig og ekki pláss fyrir hjólastól við hliðina á hvíldarbekknum.

Það er stór steinn í leikjasvæðinu sem mætti skipta yfir í gúmmí stein úr Krumma-Flow línunni. Borð/bekkurinn þyrfti að endurnýja og hafa aðgreinandi lit frá grasinu en grasið er náttúruleg leiðarlína fyrir sjónskerta.



Hljómskálagarðurinn – nr. 202

Það er leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Það eru engin bílastæði fyrir fatlaða í kringum leiksvæðið.

Leiksvæðið er opið og mjög vítt, það er staðsett í austur-enda Hljómskálagarðsins.

Leiksvæðið samanstendur af:

- 2 Stk. Trampólín
- Hlaupaköttur
- 3 Stk. Hringekjur
- Gormatæki
- 2 Stk. Jafnvægisbretti
- Körfuróla fyrir smábörn
- Samsett leiktæki með rennibraut fyrir smábörn
- 3 Stk. Hvíldarbekkur
- 4 Stk. Borð/bekkur
- Mt. Mnich Klifurturn frá Inter-Play
- 4 Stk. Útigrill

Það er mjúkt undirlag úr gervigrasi á leikvelli með leiktæki fyrir breiðan hóp af börnum s.s. smábörn og eldri börn sem er vel gert. Það vantar stíg í 1.8 metra breidd til þess að fara að hvíldarbekkjunum og hellulögn undir þeim, jafnframt í hálfum metra til hliðar við bekkinn fyrir hjólastól eða barnavagn. Það eru grasamottur í kringum trampólínin en sem er vel gert en það mætti endurnýja aðgreinandi litinn á rammanum á trampólínunum fyrir sjónskerta. Það vantar gönguleið/stíg sem fer upp að skýli yfir grilli og Borð/bekkjunum. Þetta er út á grasi sem er torfært fyrir hjólastóla og það vantar aukaborðpláss á Borð/bekkjunum fyrir fólk í hjólastólum. Það mætti skoða hvort að það ætti að snúa Borð/bekkjum um 90° til þess að leyfa meira pláss fyrir hjólastóla eða barnavagna að bekkjunum. Það vantar sömuleiðis stíg fyrir fólk í hjólastól til að komast leiða sinna, að fylgjast með börnum sínum að leika sér í hlaupakettinum, trampólínunum og Mt.Mnich klifurturninum. Það mætti skoðað að setja mjúkt undirlag úr gúmmíefni hjá Mt.Mnich klifurtækinu á fallsvæðinu fyrir eldri börn sem klifra í tækinu. Það mætti einnig skoða það að koma fyrir tveimur nýjum leiktækjum fyrir fatlaða sem uppfylla öryggiskröfur, því stærð leiksvæðisins og staðsetning býður upp á það.



Njálsgata 89 – nr. 246

Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæði. Þetta er stórt og vítt svæði með gæsluskýli og geymsluskúr á lóðinni. Það eru engin bílastæði fyrir fatlaða í kringum leiksvæðið.

Leiksvæðið samanstendur af:

- 5 stk. Hvíldarbekkir þar af 4 stk. án arm stuðnings
- Gormatæki
- Vegasalt
- Hús fyrir hlutverkaleiki
- Bíll fyrir hlutverkaleiki
- 4 stk. Borð/bekkir
- 1 stk. körfuróla fyrir smábörn, 2 stk. venjulegar rólur og 1 stk. dekkjaróla
- Tvær dýrafígúrir á leikjasvæði: Björn og Froskur
- Lítil hringekja
- Sandkassi í steiptum ramma
- Samsett leiktæki með rennibraut

Borð/bekkirnir gera ekki ráð fyrir auknu borðplássi fyrir hjólastóla. Flestir hvíldarbekkjanna eru án armstuðnings. Það hefði mátt skipta um lausamöl/perlumöl hjá samsetta leiktækinu og setja í staðinn mjúkt gúmmíundirlag í aðgreinandi lit. Sömuleiðis mætti lækka kantinn sem aðgreinir hellulögnina og leiktækið. Það vantar einnig aðgengi að Borð/bekkjum sem eru út á grasi, fyrir hjólastóla þ.e. hellulögn eða malbikaður stígur. Leiktækin eru fyrir breiðan aldurshóp af börnum en ekki börn í hjólastól.

Frá fyrrum kampi Breta í seinni heimsstyrjöldinni yfir í Njálsgöturóló, nú stendur til að koma upp miðborgarleikskóla undir verkefninu „brúum bilið“ fyrir börn á leikskóla aldri. Skv. vinningstillögu í hönnunarkerpninni þá virðist í fljótu bragði, ekki tekið tillit til aðgengi fyrir alla þ.e. fólk í hjólastól (https://prismic-io.s3.amazonaws.com/midstod-honnunar-og-arkitekturs/2b43d8fa-3d09-41e3-8eb8-2308c37172ca_Tillaga+09+-+1541982.pdf).

Þá mætti athuga hvort það liggi fyrir í hönnuninni hvort það eigi að láta hanna frekari lausnir fyrir börn í hjólastól eða aðra fötlun.




Meðalholt – nr. 203

Það var engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísaði á leiksvæðið. Þetta er leiksvæði sem er á bakvið húsaþyrpingu Einholts og Meðalhólts. Það eru engin bílastæði fyrir fatlaða í kringum leiksvæðið.

Leiksvæðið samanstendur af:

- 5 stk. Hvíldarbekkir þar af 2 stk. án bak-og armstuðnings
- 1 stk. körfuróla fyrir smábörn og 1 stk. venjuleg róla
- 3 stk. Gormtæki
- Göngubru á milli tveggja hóla sem tengist við malar hlaupastíg um leiksvæðið

Það er lausamöl/perlumöl í leiksvæðinu hjá leiktækjunum sem mætti skipta yfir í mjúkt gúmmíundirlag í aðgreinandi lit svo sjónskertir geti greint að það sé leiksvæði. Það er gerð sér hellulögn undir hvíldarbekkina svo þeir séu ekki á göngustígnum sem er vel gert. Hins vegar vantar að gera 0.5 metra breitt hellulagt pláss við hliðina bekkjunum fyrir hjólastól eða barnavagn. 2 stk. hvíldarbekkjanna eru án bak- og armstuðnings sem þyrfti að athuga betur. Malbikaði stígurinn í lágmarksbreidd sem mætti athuga betur. Malarstígurinn í kringum völlinn mætti athuga hvort væri hægt að helluleggja eða leggja með mjúku undirlagi. Það eru sveifluhlið úr áli við innganginn sem hægt er að opna en þegar það er lokað getur verið erfitt að komast inn á hjólastól, þetta mætti athuga betur. Sömuleiðis eru hólarnir torfærir hjólastólum og ekki aðgengilegir en það er álitamál hvort það eigi gera eitthvað í þeim.



Vatnsholt – nr. 212

Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Það eru engin bílastæði fyrir fatlaða í kringum leiksvæðið. Leiksvæðið er í endanum við botnlangagötunni Vatnsholt á útopnu svæði á holtinu.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Rólur
- Vegasalt
- Samsett leiktæki með rennibraut
- Gormatæki
- Hvíldarbekkur með bak- og armstuðning

Það er lausamöl/perlumöl á leiksvæðinu sem mætti skipta út fyrir mjúkt gúmmíundirlag eða gúmmíhellur. Hvíldarbekkurinn er staðsettur við hliðina á rólunum en það mætti e.t.v. færa hann þannig að það sé pláss við hliðina á honum fyrir hjólastól eða barnavagn. Leiktækin eru í aðgreinandi lit fyrir sjónskerta sem er vel gert.

Ef það mætti stækka leiksvæðið þá væri hægt að bæta við leiktæki fyrir fatlaða en það er hægt að athuga það með tilliti til stærðar og kostnaðar.





Klambratún – nr. 205

Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Það eru bílastæði fyrir fatlaða hjá Kjarvalsstöðum en það er smá spölur að fara. Leiksvæðið er á suðurendanum, hluta af stóra útisvæðisins sem Klambratúnið er.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Hlaupaköttur
- Dýrafigúrur: Skjaldbaka, Snigill og Eðla
- Hringekja
- Samsett leiktæki með rennibraut fyrir smábörn
- 1 stk. venjuleg róla og 1 stk. hreiðuróla
- Klifurtæki sem hægt er að ganga inn í
- 3 stk. hvíldarbekkir þar af 2 stk. án bak- og armstuðnings
- 2 stk. Borð/bekkir festir niður í jörðina.
- 2 stk. Útigrill

Það eru grasamottur undir dýrafigúrunum og hlaupakettinum sem er vel gert. Sömuleiðis er mjúkt undirlag undir leiksvæði hjá leiktækjunum sem minnkar fallhættu barnanna. Þau eru í aðgreinandi lit sem er vel gert. Leiktækin á leiksvæðinu eru fyrir breiðan hóp af börnum og smábörnum, hins vegar er ekki tekið tillit til fólks í hjólastól þ.e. Borð/bekkir bjóða ekki upp á aukið pláss og það vantar leiktæki fyrir fatlaða. Leiksvæðið er vel lýst en það mætti merkja staurana í aðgreinandi lit fyrir sjónskerta, það mætti einnig athuga betur aðgengi fatlaðra í Borð/bekki, hvíldarbekkina sem eru án bak- og armstuðnings og plássins við hliðina á hvíldarbekkjunum. Ég tel að í ljósi stærðar leiksvæðis og staðsetningu þess innan almenningsgarðs þá mætti íhuga að gera hann aðgengilegri fyrir fatlaða og bæta við leiktæki fyrir fatlaða.



Engihlíð – nr. 240

Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísaði á leiksvæðið. Það eru engin sérstök bílastæði fyrir fatlaða fyrir utan leiksvæðið. Aðgengi að leiksvæðinu hins vegar er gott þar sem hægt er að opna hliðið fyrir bíl.

Leiksvæðið samanstendur af:

- 2 stk. Hvíldarbekkir þar af annar þeirra er ekki með armstuðning
- 3 stk. Borð/bekkur
- Trampólín
- Sandkassi með skapandi leikfangi
- Regnboga útihljóðfæri
- Samsett leiktæki með rennibraut
- Lág göngubrú
- Lítil fótboltavöllur með mjúku gervigrasi
- Sandvigt í líki vegasalts
- Preföld slá

Leiksvæðið er vel merkt og undirlögin í aðgreinandi lit ásamt tilheyrandi dempun í öryggisskyni fyrir börn á leiksvæðinu. Leiksvæðið er vel lýst og ljósastaurarnir eru merktir í aðgreinandi lit sem er vel gert fyrir sjónskerta. Hins vegar er ekki mikið um leiktæki fyrir fólk sem er í hjólastól. Það mætti athuga það betur að setja leiktæki fyrir fatlaða á leiksvæðið m.t.t. kostnaðar og pláss. Borð/bekkirnir eru sömuleiðis ekki með aukaborðpláss fyrir fólk í hjólastól. Stígarnir mjóir og gætu þurft að skoða betur m.t.t. hjólastóla sem mæta öðrum vegfarendum. Að öðru leyti þykir umhverfið vera vel merkt og tekur tillit til margra en væri hægt að betrumbæta.



Bólstaðarhlíð – nr. 224

Það var engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísaði á leiksvæðið. Það var ekkert sjáanlegt bílastæði fyrir fatlaða. Þetta leiksvæði er við hliðina á skóla ásamt körfuboltavelli en lítið og afmarkað frá umferð. Það er vel skipulagt leiksvæði en með möguleika á að nýta betur.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Rólur
- Vegasalt
- Gormatæki
- Hvíldarbekkur með bak- og armstuðning

Það mætti jafna leiksvæðið við hæð göngustígsins í staðinn fyrir kantinn sem er núna. Leiksvæðið er með lausamöl/perlumöl á leiksvæðinu en mætti skipta yfir í mjúkt undirlag úr gúmmí s.s. hellur, dúkur eða gervigras. Það þyrfti að vera greinilegri aðgreining á leiksvæðinu fyrir sjónskerta svo þeir geri sér grein fyrir leiksvæðinu. Það mætti einnig snyrta gróðurinn betur í kringum leiksvæðið. Það er pláss við hliðina á hvíldarbekknum fyrir hjólastól en það mætti skoða það betur hvort það væri hægt að staðsetja hvíldarbekkinn inn á leiksvæðið. Það mætti einnig skoða það hvort það væri hægt að nýta leiksvæðið betur og koma fyrir einu nýju leiktæki fyrir fatlaða s.s. hringekju.




Bogahlíð – nr. 238

Það var engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísaði á leiksvæðið. Það var ekkert bílastæði fyrir fatlaða nálægt hjá leiksvæðinu. Þetta er lítið en opið leiksvæði nálægt Miklubraut sem er með hellulagt pláss hinu megin við göngustíginn sem liggur í gegnum svæðið.

Leikvöllurinn samanstendur af:

- Samsett leiktæki með rennibraut fyrir smábörn
- Klifurtæki sem hægt er að ganga inn í.
- 2 stk. rólur fyrir smábörn
- Borð/bekkur
- Hjólagrind/stæði

Það er einnig opin völl með girðingu en þarna var körfuboltavöllur sem mætti skoða hvernig mætti nýta plássið betur. Borð/bekkurinn er ekki með aukið borðpláss fyrir fólk í hjólastól. Það er gras undir rólunum og samsetta leiktækinu en það mætti setja mjúkt gúmmíundirlag í aðgreinandi lit s.s. gulum lit fyrir sjónskerta og minnka fallhættu barna í leik. Það eru hjólagrindur/stæði sem er vel gert, því þar geta hjólreiðafólk og/eða fólk á rafskutlum lagt hjólum/rafskutlum sínum án þess að leggja þeim fyrir öðrum vegfarendum s.s. sjónskertum vegfarendum sem gætu annars fallið um hjólin/skutlurnar.



Grænahlíð – nr. 236

Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Það var ekkert sjáanlegt bílastæði fyrir fatlaða. Leiksvæðið er á bakvið húsaraðir við Grænuhlíð og Hamrahlíð og er vítt og opið með 3 inngöngu/útgönguleiðir.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Rennibraut af hól
- Rólur
- 2 stk. Gormtæki
- Klifurtæki
- Göng smíðuð úr timbri
- 2 stk. Hvíldarbekkir með bak- og armstuðning

Hvíldarbekkirnir eru núna settir þétt saman án þess að gera ráð fyrir plássi við hliðina á þeim fyrir hjólastóla eða barnavagn.

Þegar okkur bar að garði þá var tilkynningarskilti upp á ljósastaur sem tilkynnti vegfarendum að leiksvæðið myndi fara í endurnýjun eftir hverfiskosningu. VSÓ ráðgjöf fer með hönnunina á leiksvæðinu. Það mun vera mjúkt rautt undirlag úr gúmmi á leiksvæðinu ásamt núverandi rennibrautinni.

Leiksvæðið mun standa saman af:

- Jafnvægiskúla
- Tvöföld róla
- Klifurkastala
- Snúningstæki
- Ungbarnatæki

Leiksvæðið mun ná yfir breiðan hóp af börnum en það er ekki gefið upp að það sé leiktæki fyrir fatlaða. En í hönnunarferlinu væri kjörið tækifæri til þess að skoða það að koma upp a.m.k. einu leiktæki fyrir fatlaða.



Stigahlíð – nr. 245

Það var engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísaði á leiksvæðið. Þetta er lítið leiksvæði sem er fyrir ofan botnlangann í Stigahlíð en í brekkunni fyrir neðan Veðurstofu Íslands. Það eru engin sérmerkt stæði fyrir fatlaða við leiksvæðið. Leiksvæðið er lítið til hliðar við göngustíginn í halla sem gæti farið yfir 5-10°.

Leiksvæðið samanstendur af:

- 1 stk. körfuróla fyrir smábörn og 1 stk. venjuleg róla
- Niðurgrafinn sandkassi hlaðinn með 40x40 hellu í sömu hæð og grasið

Það er malarstígur sem leiðir að svæðinu sem gæti verið torfært fyrir hjólastóla og er undir 1,8 metra í breidd. Eins og fyrr sagði þá er leiksvæðið staðsett í talsverðum halla sem gæti verið erfitt fyrir fólk í hjólastól að nálgast. Hins vegar eru kostir með hallan að hægt væri að grafa niður öðru megin við sandkassann og búa til aðgengi fyrir hjólastól og í leiðinni útbúa slétt svæði á göngustígnum. Hins vegar eru mjög lítið um önnur leiktæki á þessu leiksvæði en þau sem sinna börnum og smábörnum. Það mætti skoða betur hvað væri hægt að gera í leiktækjum eða aðstöðu á svæðinu sem uppfyllir lágmarkskröfur aðgengismála m.t.t. kostnaðar og umfang. Líkt og að útbúa svæði fyrir hjólastólarólu með svipuðum hætti og er á leiksvæðinu fyrir.



Beykihlíð – nr. 210

Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið. Það var ekkert sérmerkt stæði fyrir fatlaða við leiksvæðið. Leiksvæðið er í miðju íbúðargötunnar sem er vistgata með tilheyrandi hraðatakmörkunum.

Leiksvæðið samanstendur af:

- 1 stk. dekkjarólu 1 stk. venjuleg róla
- Sandkassi með stórum hnallungum standandi upp úr
- Kjörfuboltavöllur

Leiksvæðið er lítið og afmarkað með gesta bílastæði í kringum sig. Aðgengið er ekki slæmt miðað við aldur svæðisins en það má skoða betur hvernig eigi að nýta það betur. Það eru engir hvíldarbekkir eða borð/bekkir. Undirlagið hjá rólunum er lausamöl/perlumöl sem mætti skipta út fyrir í gúmmíhellur, e.t.v. skoða betur sandkassann og notkun körfuboltavallarins. Það vantaði upp á mála sandkassann í aðgreinandi lit frá hellunum til að sjónskertir gætu gert betri greinamun á. Rólurnar eru í aðgreinandi lit sem er vel gert en það mætti skoða betur hvernig ætti að nýta svæðið betur.



Víðihlíð – nr. 227

Það er engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar til leiksvæðisins. Leiksvæðið er á bak við húsapýrpingu við Víðihlíð og er ætlað íbúum.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Hvíldarbekk með bak- og armstuðning
- 1 stk. körfuróla 1 stk. dekkjaróla
- Gormtæki

Það er búið að bjóða út verkið stendur til að endurnýja leiksvæðið í maí 2021. Það verður nýtt gervigras í undirlag á leiksvæðið og endurnýja hellulögn á leiksvæðið allt saman.

Nýja leiksvæðið samanstendur af:

- Jafnvægistæki
- Ungbarnaróla
- Jafnvægisslá
- Tvöföld róla
- Náttúruleik
- Klifurkastali
- Dvalarsvæði

Það kemur hvergi fram á verklýsingunni það sé leiktæki fyrir fatlaða eða gert ráð fyrir að fólk í hjólastól geta verið á hvíldarsvæðinu s.s. aukið borðpláss á Borð/bekk eða pláss við hliðina á hvíldarbjólkjum. Þetta mætti skoða betur í samráði við verkkaupa og eftirlitsaðila.

(https://reykjavik.is/sites/default/files/2021_03_25_opin_leiksvaedi_endurg.pdf)



Reynihlið – nr. 247

Engin leiðarmerking eða vegvísir sem vísar á leiksvæðið, hins vegar er leiksvæðið í miðjunni á botnlanganum og sést vel hjá íbúum götunnar.

Leiksvæðið samanstendur af:

- Rólur
- Gormdýr
- Borð/bekkur

Undirlagið er lausamöl/perlumöl sem þyrfti að skipta yfir í mjúkt gúmmíundirlag.

Borð/bekkurinn er ekki með aukaborðpláss fyrir fólk í hjólastól og gróðurinn er ósnyrtilegur sem mætti snyrta til að hafa hreinna aðgengi. Göngustígurinn er frekar mjór og mætti skoða betur að hvort að hægt væri að laga það. Sömuleiðis er kantsteinninn í kringum leiksvæðið er hár og mætti skoða betur aðgengið í niðurtekt eða lækkuðum kantsteini í samsæmi við „Aðgengi fyrir alla“ handbókina. Það mætti einnig skoða hvort það væri hægt að koma fyrir einu leiktæki fyrir fatlaða sem hæfir plássi leiksvæðisins.



Skýrslan var unnin af Gísli Þór Gíslasyni fyrir hönd Öryrkjabandalag Íslands.

Leyfilegt er að birta hana en taka skal fram að hún hafi verið unnin af aðgengisfulltrúum Öryrkjabandalags Íslands.